

## REGLUR

### um gerð og efni sjóferðabóka.

#### 1. gr.

Sérhver skipverji á íslensku skipi skal hafa sjóferðabók.

Samgönguráðuneytið lætur gera sjóferðabækur handa skipverjum og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda sjóferðabók hverjum skipstjóra og skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenskt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefur glatast eða er fullnotuð. Skál sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma.

Sjóferðabækur skulu gefnar út á íslensku og ensku.

#### 2. gr.

Í sjóferðabók skal rita fullt nafn viðkomandi, kennitölu og lögheimili.

#### 3. gr.

Í sjóferðabók skal skýrt frá stöðu skipverja á skipinu, hvenær hann er skráður í skiprúm og úr skiprúmi, nafni, tegund, skipaskrárnúmeri og stærð skipsins, í hvaða ferðum skip er og nafni og heimili útgerðar. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér hve mikinn hluta ráðningartíma skipverji er lögskráður.

#### 4. gr.

Í sjóferðabók skal skráð nafn og heimilisfang nánasta aðstanda eða ættinga skipverja, er hann tilgreinir og sem skipstjóri eða útgerðarmaður geta haft samband við, ef skipverji slasast alvarlega eða deyr.

#### 5. gr.

Skipstjóra ber að útfylla og undirrita sjóferðabækur skipverja. Skál sjóferðabók hvers skipverja merkt með embættisstimpli lögskráningarstjóra við lögskráningu.

Skipstjóri geymir sjóferðabók skipverja meðan skipverji er í skiprúmi, en er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða, þegar ráðningartíma hans lýkur.

#### 6. gr.

Sjóferðabækur, sem gefnar hafa verið út áður en reglur þessar öðlast gildi, halda gildi sínu þar til þær verða endurnýjaðar.

#### 7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 6. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 3. apríl 1987.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*